

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

Óverkaður saltfiskur:	U. S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1 .....	2 750.00
Millifiskur nr. 1 .....	2 550.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	2 160.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	2 050.00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

**Vélskelflett rækja:**

	U. S. \$ pr. lb. cif.
Blokkfryst .....	3.45
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	3.45
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	3.63
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	4.02
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	4.21

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1979.**

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1979:

	U. S. \$ pr. tunnu cif.
Cutsíld 300/500 .....	131.25
— 500/700 .....	115.62
Specialsíld 300/500 .....	133.25
— 500/700 .....	116.98
Sykursíld 300/500 .....	141.57
— 500/700 .....	121.44
Kryddsíld 300/500 .....	139.60
— 500/700 .....	122.46
— 700/1000 .....	114.58
Rúndsíld 500/700 .....	93.75
— 500/900 .....	97.40

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 45% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðin miðast við cif. og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*